TEITUR

Dalvegur 22
200 Kopavógur / Iceland
Phone 354 515-2700 Fax 354 515-2707
www.teitur.is info@teitur.is

KÓPAVOGSBÆR
MÓTTEKIÐ
17. FEB. 2023
Málsnr.: 2107265
Bréfalykill: 571.01

Kópavogsbær
Bt. Bæjarráð
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Kópavogi 10.2.2023.

**Efni**: Tónahvarf 4

Ágæta Bæjarráð

Með vísan til umsóknar okkar, dagsett 2.7.2021, þar sem við sóttum formlega um lóðina Tónahvarf 4 - ásamt fundum með skipulagsstjóra, bæjarstjóra, bæjarlögmanni og sviðsstjóra umhverfissviðs varðandi Tónahvarf 4 og 2 - auk notkunar á Dalvegi 22.

Viðræður hafa staðið frá ágúst 2021 og hugmyndin er að fá Tónahvarf 4 auk smá hluta af Tónahvarfi 2, byggja skrifstofuhúsnæði ásamt þvotta- og viðgerðaaðstöðu auk þess að nýta lóðina sem bílastæði fyrir skólabíla og bíla ferðaþjónustu fatlaðra í Kópavogi. Með þessu móti náum við að færa álagið af Dalveginum. Hugmynd okkar er að byggja svipaða stærð af húsnæði og við erum með á Dalveginum.

Framtíðarhugmyndir okkar, með úthlutun á Tónahvarfslóðinni, er að nýta hana til að þjónusta sveitarfélagið en jafnframt að byggja upp aðstöðu í jaðrinum fyrir verkstæði og ferðamannarútur, þannig að álagið á Dalveginum minnki og við getum á endanum breytt starfseminni þar.

Því óskum við eftir því að gengið verði til samninga við okkur um úthlutun á Tónahvarfi 4 og, ef hægt er, smá hluta af Tónahvarfi 2.

Virðingarfyllst

f.h. Teits Jónassonar ehf

Harald Þór Teitsson
framkvæmdarstjóri

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026